

Sp.

459. Breytingartillögur

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 6. gr. 1.2. Í stað orðsins „Blindravinafélagsins“ komi: Blindrafélagsins.
2. Við 6. gr. 3.11. Fyrri málslíður breytist og orðist svo: Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til fóðuriðju, þar með talið af dráttarvélum.
3. Við 6. gr. 3.26. Líðurinn orðist svo:
 - 3.26 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla, snjóhreinsi- og ísvarnarbúnaði og öðrum sérhæfðum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
4. Við 6. gr. 3.27. Í stað orðsins „aðaldælu“ komi: dælubúnaði.
5. Við 6. gr. Nýir líðir:
 - 3.34 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum til hafnargerðar við Siglunes. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
 - 3.35 Að fella niður vexti og viðurlög vegna ógreiddra opinberra gjalda Arnarflugs hf. til þess tíma er gengið hefur verið frá samkomulagi um endurgreiðslu þessara gjalda skv. 2. gr. laga nr. 53/1986 (3. tölul.), um málefni Arnarflugs hf. Heimilt skal jafnframt að breyta í lán skattskuld félagsins frá gildistöku fyrrgreindra laga fram til þess tíma að ríkisábyrgð er afgreidd.
 - 3.36 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af hreinsibúnaði fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur og Vatnsveitu Seyðisfjarðar.
 - 3.37 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af ljósastjórnbúnaði fyrir Leikfélag Hveragerðis og Leikfélag Fáskrúðsfjarðar.
 - 3.38 Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af næturgleraugum til björgunar-sveita.
 - 3.39 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af slaghörpu fyrir Félagsheimili Stykkishólms.
 - 3.40 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af borholumælingabíl og búnaði hans sem Orkustofnun hyggst kaupa.
 - 3.41 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum öryggis-, leitar- og björgunarbúnaði sem Slysavarnafélag Íslands hefur fengið að gjöf:
 - a. Köfunarsímakerfi, nætursjónauki og ljósabúnaður fyrir kafara.
 - b. Nedansjávarmyndavél.
 - c. Fjarrita ásamt búnaði til notkunar í björgunarstöð félagsins.
 - 3.42 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnum bifreiðum í eigu sveitarfélaga sem notaðar eru til flutnings á fötluðu fólki.
 - 3.43 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af uppskipunarkrana og gámalyftara sem Björn R. Alfredsson, Kópavogi, og Samband Ísl. samvinnufélaga hafa fest kaup á. Tæki þessi verða aðeins notuð á hafnarsvæðinu á Holtabakka í Reykjavík. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

6. Við 6. gr. 5.22. Liðurinn orðist svo:
 - 5.22 Að selja fasteignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins að Síðumúla 34 í Reykjavík og jarðhús í Ártúnsbrekku við Suðurlandsbraut í Reykjavík, enda séu fasteignirnar nýttar áfram í þágu samtaka framleiðenda matjurta. Söluandvirðið skal lagt í sjóð er stofnaður var með 4. mgr. 52. gr. laga nr. 46/1985.
7. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 5.24 Að selja hluta af jörðinni Sölvholti í Hraungerðishreppi.
 - 5.25 Að selja dýpkunarskipið Hák að undangengnu mati og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar og verja andvirðinu til kaupa á dýpkunartækjum fyrir Hafnámálastofnun.
 - 5.26 Að selja húseignina Laugarbrekku 22 á Húsavík og verja andvirði hennar til kaupa á nýju húsnæði fyrir sóknarprest á Húsavík.
 - 5.27 Að selja jarðirnar Rauðamýri í Nauteyrarhreppi og Streiti í Breiðdalshreppi.
 - 5.28 Að selja bóknámsdeildarhús Iðnskólans í Hafnarfirði við Reykjavíkurveg.
 - 5.29 Að selja útihús (fjós og hlöðu með áföstum viðbyggingum) á Laugarvatni. Undanþegin sölunni skulu tilheyrandi lóðarleiguréttindi, 5500 m² skv. skipulagi.
 - 5.30 Að selja húseignina Norðurbrún 9 í Seyluhreppi.
8. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - 6.17 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á Flateyri og Borgarfirði eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.18 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Grundarfirði og á Höfn í Hornafirði og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.19 Að kaupa húsnæði til nota fyrir lögreglustöð á Raufarhöfn og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.20 Að kaupa húsnæði fyrir sóknarprest í Hvanneyrarprestakalli og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.21 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði fyrir lögreglustöð í Grindavík og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.22 Að kaupa eða taka á leigu húsnæði til nota fyrir kvennafangelsi og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.23 Að innrétta húsnæði fyrir Tækniskóla Íslands við Höfðabakka í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.24 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Brussel og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.25 Að kaupa skrifstofuhúsnæði fyrir sendiráð Íslands í Washington að höfðu samráði við fjárveitinganefnd og verja til þess andvirði íbúðarhúss og eldra skrifstofuhúsnæðis í eigu sendiráðsins.
 - 6.26 Að taka á leigu og innrétta húsnæði í Kópavogi til kennslu í matvælagreinum og fyrir Hótel- og veitingaskóla Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 6.27 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
9. Við 6. gr. 9.7. Liðurinn orðist svo:
 - 9.7 Að semja við fráfarandi þjóðgarðsvörð í Skaftafelli um húsnæðismál og önnur búseturéttindi þjóðgarðsvarðar.

10. Við 6. gr. Nýir liðir:

- 9.9 Að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar.
- 9.10 Að falla frá innheimtu á skuldabréfi, útgefnu af Sportbátafélaginu Snarfara, 24. maí 1985.
- 9.11 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán sem kann að verða tekið á árinu 1987 vegna byggingar sjúkrahússins á Ísafirði til búnaðar- og tækjakaupa í þeim tilgangi að flýta fyrir því að legudeild spítalans verði tekin í notkun og starfsemi hætt í gamla sjúkrahúsinu. Ríkissjóður mun endurgreiða lánið á fjárlögum 1988–1990.
- 9.12 Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd og að höfðu samráði við samgönguráðuneyti allt að 3 millj. kr. til Ferðamálasjóðs vegna fjárhagsvanda Hótel Ólafsfjarðar enda fallist allir aðrir lánardrottinnar á það skilyrði að gefa eftir tilsvarendi upphæð af kröfum sínum á hendur hótelinu.
- 9.13 Að semja við Skallagrím hf. um uppgjör á lánum og vanskilaskuldum fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði, svo og um niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta.
- 9.14 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Seyðisfjarðarkaupstaður kann að taka að upphæð allt að 16 millj. kr. til byggingar á dráttarbraut.
- 9.15 Að heimila Ríkisábyrgðasjóði að veita afslátt af vöxtum sem til falla á árunum 1986 og 1987 á erlend stofnlán sem tekin voru fyrir 1. janúar 1986 vegna skipakaupa. Afslátturinn verði miðaður við að lán til þessara skipakaupa verði með svipuðum kjörum og gilda um stofnlán úr Fiskveiðasjóði.
- 9.16 Að taka lán ef þörf krefur, í samráði við fjárveitinganefnd, til að ljúka þeim byggingaráfanga, sem nauðsynlegur er til að taka á móti línuhraðli í K-byggingu Landspítalans á umsömdum tíma.